

Alþingi
Erindi nr. P 141/1822
komudagur 28.2.2013



28. febrúar 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis

Kristján L. Möller formaður

Lilja Rafney Magnúsdóttir varaformaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um frumvarp um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. (Stærðarmörk krókaaflamarksbáta, strandveiðar)

Mál nr. 447 - Þingskjal nr. 561

Sbr. þingskjal X

Um 3. tl:

Eins og fram kom í máli fulltrúa LS á fundum með atvinnuveganefnd 26. og 28. febrúar, hefur ekkert mál fengið jafn langa og ítarlega umfjöllun innan Landssambands smábátæigenda og stærðarmörk krókaaflamarksbáta.

Niðurstaðan innan LS hefur verið skýr, að stærðarmörkunum yrði haldið við 15 brúttótonn. Þannig afgreiddi síðasti aðalfundur LS í október 2012 málið.

LS vill, í tilefni þeirrar breytingartillögu sem lögð var fyrir atvinnuveganefnd í morgun, benda á að þegar löggin um krókaafلامark voru samþykkt var út frá því gengið að þær veiðiheimildir

gætu aðeins nýst af bátum sem væru minni en 15 brúttótonn. Þetta kemur glögglega fram í fyrsta texta laganna og skýringum með einstökum greinum frumvarps þeirra.

Að öðru leiti vísar LS til umsagnar sem send var nefndinni hinn 23. febrúar s.l. Þess skal sérstaklega getið að með umsögninni er ekki verið að leggja drög að stefnubreytingu félagsins í málinu. Hún er samin í nauðvörn sem til er komin vegna mistaka embættismanns sem atvinnuvegaráðuneytið virðist með öllu ætla að koma sér undan að taka ábyrgð á og þess að löggjafinn tekur ekki á málinu í anda laganna um krókaafلامarkið.

Um 4. tl. a.

Hér er tekið undir sjónarmið LS um vandkvæði við þorksveiðar dagróðrabáta vegna mikillar ýsu sem meðafla. Vandamálið hefði ekki gert vart við sig væri ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem byggð er á mælingum á stofnstærð rétt. LS hefur margsinnis ályktað um málefnið og forsvarsmenn félagsins ritað um það greinar. Þar hefur verið bent á tillögur til lausnar sem LS telur vera árangursríkari en sú tillaga sem htv. atvinnuveganefnd leggur til og hér er til umsagnar. Þær tvær tillögur sem hér um ræðir eru:

- I. Við 3. gr. laga um stjórn fiskveiða verði bætt við heimildarákvæði fyrir ráðherra um breytingu á heildarafla innan fiskveiðiárs eða veiðitímabils, sem nái til einstakra veiðisvæða og veiðarfæra.
 - a. Þegar afli í tiltekinni tegund á ákveðnu veiðisvæði og veiðarfæri væri ekki í samræmi við samsetningu veiðiheimilda væri heimilt að breyta útgefnum heildarafla þannig að aukning næði eingöngu til veiða á viðkomandi svæði.
 - b. Þegar mælingar Hafrannsóknastofnunar gæfu tilefni til að draga úr sókn í smáfisk, sbr. að nýliðun ýsu hefur að mati hennar brugðist sl. 4 ár, væri heimilt að setja álag ýsuveiðar togskipa sem gengi til afsláttar fyrir dagróðrabáta.

II. Við lögin verði sett tímabundið bráðabirgðaákvæði sem heimilaði viðbótarúthlutun í ýsu sem Fiskistofu gæti leigt til dagróðrabáta sem ættu í vandkvæðum með þorskveiðar vegna ýsu sem meðafla.

LS hvetur htv. atvinnuveganefnd að íhuga vel þær leiðir sem hér eru lagðar til.

Varðandi tillögu nefndarinnar um hækkun á VS-afla telur LS hana ekki leysa það vandamál sem hér er tekist á við. Þannig að árangur af henni gæti einhver orðið er brýnt að fella niður tímabilaskiptingu á VS-afla og hækka þann hlut af verðmætum sem skiptist milli útgerðar og sjómanna.

Um 4. tl. b.

Töluliðurinn fjallar um byggðakvóta. Afstaða LS er skýr varðandi byggðakvóta, standa skal vörð um hann. LS fagnar því að fyrirhugað sé að falla burt frá þeim flóknu reglum sem gilda um úthlutun hans í heimabyggð. Félagið skorar á nefndina að mæla með því að aflaheimildir sem koma til úthutunar samkvæmt þessari grein skuli settar sem ívilnun fyrir dagróðrabáta sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðarlagi og landa þar. Löndunarskylda verði eftir sem áður tvöföld úthlutun byggðakvóta.

Rétt er að taka fram að LS er það nokkurt undrunarefni hvaða hugsun liggja á bakvið annars vegar að leggja til skerðingu á byggðakvóta og hins vegar aukningu á byggðakvóta í sitt hvoru frumvarpinu sem lagt er fram af sömu aðilum.

Virðingarfyllt

Arthur Bogason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

